



Menntamálanefnd Alþingis  
Margrét María Grétarsdóttir nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 135/224**  
**komudagur 16.11.2007**


Seltjarnarnesi, 14. nóvember 2007  
2007110044/91/SG/gh

**Efni: Þingsályktunartillaga um eflingu kennslu í heilbrigðisvísindum í Háskólanum á Akureyri**

Þingmenn úr öllum stjórn mála flokkum leggja fram þingsályktunartillögu þess efnis að efla beri kennslu í heilbrigðisvísindum við Háskólann á Akureyri.

Þessi tillaga er skynsamleg. Mikill skortur er á hjúkrunarfræðingum, eins og rakið er í greinargerð með tillögunni, ekki síst utan höfuðborgarsvæðisins. Fjölmargar upplýsingar héðan og frá öðrum löndum benda til að námsstaður hefur áhrif á ákvörðun um starfsstað að námi loknu. Þörf er á að fjölga útskrifuðum hjúkrunarfræðingum og hefur Háskólinn á Akureyri þegar sýnt ágæti sitt við menntun þeirra. Í greinargerðinni er einnig réttilega vikið að nauðsyn eflingar framhaldsnáms í dreifbýlislækningum (rural medicine). Læknadeild á Íslandi er að sjálfsögðu við Háskóla Íslands og ekki er efni til að bæta við annarri slíkri. Hins vegar er verið að efla framhaldsnám í ýmsum sérgreinum læknisfræði hér á landi og lengi hefur verið til umræðu nauðsyn þess að koma á fót sérstöku framhaldsnámi í dreifbýlislækningum til eflingar læknisþjónustu utan þéttbýlis. Háskólinn á Akureyri og heilbrigðisstofnanir á Norðausturlandi hafa allt til að bera til að sinna slíku framhaldsnámi. Því er eindregið mælt til þess að þessi tillaga nái fram að ganga.

Virðingarfyllt,

  
Sigurður Guðmundsson  
landlæknir